

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	20.6.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Kalkþörungafélagið	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarteigi 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Sveinn Ólafsson	Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit hvað varðar magn ryks í reykháfi skv. gr. 3.1. í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð varðandi kvartana vegna hljóðmengunar.

UMFANG EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við síðasta eftirlit hvað varðar rykmælingar í reykháfi en þær höfðu ekki verið framkvæmdar árið 2013 eins og kveðið er á um í gr. 3.1 í starfsleyfi. Sýni úr reykháfi voru tekin þann 5. maí sl. Niðurstöður þeirra mælinga sýndu gildi yfir leyfilegum mörkum skv. gr. 2.1. í starfsleyfi en meðalgildi rykmagns í útblásturslofti þarf að vera minna en 20 mg/Nm³, en var 24.4 mg/Nm³ í mælingunni. Þann 19. júní var aftur gerð mæling og sýna niðurstöður þeirrar mælingar enn hærra gildi eða 39,2 mg/Nm³ úr aðalreykháf en gildi eru undir mörkum í eldri reykjáf.

Búið er að gera samning við Verkís um að koma og gera rykmælingu í strompi 2x á ári.

Verið er að vinna að lausn við frágang á gömlu loftræstingunni út úr verksmiðjunni en við ákveðin skilyrði fer ryk í gegnum gamla reykháfinn og hefur valdið því að rykský sést í lofti.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir vöktunaráætlunina og ætlar rekstraraðili að gera drög að nýrri áætlun þar sem niðurstöður botnsýnataka gefa til kynna að ekki þurfi að taka botnsýni eins ört og fyrri áætlun gerir ráð fyrir. Bent er á að vinna sameiginlega vöktunaráætlun fyrir botnsýnatökur og vöktun á svifögnum. Einnig að setja inn vöktun á hávaðamengun og mælingar á ryklosun inn í sömu áætlun.

Rætt var um gr. 4.3 í starfsleyfi þar sem kveðið er á um að rekstraraðili setji sér umhverfismarkmið skv. stöðluðum umhverfisstjórnunarkerfum og starfi skv. þeim. Sé unnið eftir þessum umhverfismarkmiðum þá getur rekstraraðili sótt um fækkun eftirlitsferða. Einnig var bent á að sé fyrirtækið frávikalaust í 4 ár samfleytt þá sé hægt að sækja um minnkað eftirlit. Sækja þarf um þetta sérstaklega til eftirlitsaðila. Hvatningakerfi stofnunarinnar var einnig kynnt og að frávikalaus fyrirtæki fái merkingu þess efnis inn á fyrirtækjasíðu sína inni á www.ust.is.

Rætt var um kvartanir sem borist hafa á árinu hvað varðar hljóðmengun og ryk í útblæstri. Rekstraraðili fékk fyrirvaralaust eftirlit þann 4. apríl sl. í tengslum við kvörtun sem þá barst stofnuninni vegna rykmengunar. Ekki var talin ástæða til frekari aðgerða að hálfu stofnunarinnar þar sem ekki var hægt að greina óðellilega rykmengun frá verksmiðunni og beðið var niðurstaðna úr rykmælingum. Verklagi hefur verið breytt með losun laskaðra poka til að minnka rykfok frá setlóni. Áður voru pokarnir losaðir beint út í hráefnislónið en nú er grafin hola í hráefnislónið og pokarnir losaðir þar ofan í. Við það minnkar fok af hráefnissvæðinu. Rekstraraðili bendir á að við hlið verksmiðjunnar sé steypistöð og að einnig komi ryk frá þeirri framleiðslu og akstri þungra bíla á malarvegi á milli fyrirtækjanna.

Frávik frá

gr. 3.1. í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Mörk ryks í útblæstri í reykháfi verksmiðjunnar eru 20 mg/Nm³ og skal mæla árlega. Niðurstöður tveggja mælinga, frá 5. maí og 19. júní 2014 eru fyrir ofan þetta viðmið og stenst því mælt gildi ryks í reykháfi ekki mörk starfsleyfisins.

ATHUGASEMDIR

Komið hafa fram kvartanir frá íbúum svæðisins vegna hljóðmengunar frá verksmiðjunni. Hljóðmælingar hafa verið gerðar við mörk lóðar verksmiðjunnar og hafa þær mælingar verið innan marka starfsleyfis. Það er mælt til þess að


öllum hávaða sé haldið niðri eins og kostur er og sérstaklega reynt að sporna við honum um kvöld og nætur.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur safnað upp sandi, leir og grjóti úr hörpunni á hafnarbakkanum og hefur sótt um leyfi til Umhverfisstofnunar til að nota þetta í landfyllingu. Það mál er í ferli og ætlar rekstraraðili að óska eftir fundi með stofnuninni til að ræða þetta betur. Hvatt er til að greinargóð gögn séu tilbúin til kynningar fyrir fundinn en það flýtir fyrir úrlausn málsins. En Umhverfisstofnun og sveitarfélagið hafa kastað boltanum sín á milli og mikilvægt að fá niðurstöðu í þessu máli.

Rekstraraðili gerði hljóðmælingar við verksmiðjuna og í næsta nágrenni frá desember 2013 til janúar 2014 í tengslum við hávaðakvörtun sem barst stofnuninni. Sýndu niðurstöður þeirrar mælingar hávaðatoppa yfir mörkum íbúðarsvæðis 2., 12. og 13. desember 2013 og 10. janúar 2014. Þann 10. desember 2013 var byggt yfir blásarann og er sjáanlegur munur á mæligildum eftir þann tíma. Rekstraraðili ætlar að koma upp símælingum á hávaða við verksmiðjuna og miðla upplýsingum betur til íbúa hvað þetta varðar. Hvatt er til að skoðað verði hvort að einangra megi enn betur blásara eða stálgrindarhús til að minnka hávaða sem veldur sumum íbúum ónæði.

Reykjavík, 02.07.2014



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.